

M-45/2011. Álit 12. apríl 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-45/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. apríl 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa dóttur sinnar, Z, á notuðum bíl af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bílinn hafa verið gallaðan og krefst þess að seljanda verði gert að standa straum af viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 22. júní 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 4. júlí 2011.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem álitsbeiðninni fylgdi keypti dóttir álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 þann 17. febrúar 2011. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni VW Golf Comfortline 16V, framleiðsluár sé 1999, fyrsti skráningardagur 30. júlí s.á. og að bifreiðinni hafi verið ekið 165.000 km. Var bifreiðin keypt í gegnum Toyota Reykjanesbæ og hafði þá verið nýskoðuð hjá Frumherja. Samkvæmt skoðunarvottorði sem fylgdi með álitsbeiðninni og er dagsett þann 17. febrúar 2011 er hakað í reit 2 í lið 876 sem ber heitið útílega.

Í álitsbeiðninni segir m.a.:

„Dóttir mín Z greiddi 356.000 kr. fyrir bílinn sem átti að vera í góðu standi utan að eitthvað smávegis átti að vera að handbremsu og átti það að kosta „nokkra þúsundkalla“ samkvæmt sölumanni í Toyota.

Þegar farið var með bílinn í viðgerð kostuðu bremsurnar 56.000 og það þurfti að hreinsa kveikjuna uppá 13.000 og okkur var sagt að þessi bíll hefði aldrei átt að fara í gegn um skoðun með þessar bremsur...Við förum með bílinn í Frumherja og kvörtum og hann var settur þar í ástandsskoðun og ýmsir aðrir gallar koma fram og meðal annars allavega eitt sem hefði átt að koma fram í skoðun. Bremsuslangan að framan og líklega hefði skoðunarmaður einnig átt að sjá olúsmit á vél. Z hefur ekki þorað að nota bílinn síðan...“

Samkvæmt reikningi sem fylgdi með álitsbeiðninni og dags. 9. mars 2011 kemur fram að unnið hafi verið við hemla bifreiðarinnar. Fram kemur að skipt hafi verið um gúmmísett, hemlavökva, klossa og rennda diska samtals að fjárhæð kr. 56.267. Þá kemur fram á öðrum reikningi dagsettum sama dag að unnið hafi verið við vél fyrir samtals að fjárhæð kr. 13.534.

Í ástandsskoðunarskýrslu frá Frumherja sem fylgdi einnig með álitsbeiðninni og dags. 10. mars 2011 kemur eftirfarandi fram:

„Skoðun ökutækisins hefur leitt eftirfarandi athugasemdir í ljós

- 1 Stöðuljós óvirk eða ótengd framan hægri
- 2 Bakkljós óvirk eða ótengd aftan
- 3 Brot eða skemmd á spegil vinstra megin
- 4 CO-innihald í útblæstri utan viðmiðunarmarka framleiðanda
- 5 Smurolía á vél undir lágmarki
- 6 Smurolíuleki úr hreyfli
- 7 Höggdeyfir lekur- bendir til ófullnægjandi virkni aftan vinstri
- 8 Hemlaslanga skemmd framan vinstri“

Í bréfi FÍB sem ritað er fyrir hönd álitsbeiðanda til seljanda er seljanda kynnt framangreind niðurstaða úr ástandsskoðun hjá Frumherja og farið fram á afslátt af kaupverði bifreiðarinnar.

Í álitsbeiðninni segir ennfremur:

„A hjá FÍB talar svo við mann sem sagðist hafa skoðað bílinn hjá Frumherja og hann segir að þetta sé smurolíurofinn sem valdi smitinu en þegar við fórum og báðum um að það væri gert kom í ljós að lekinn var annarsstaðar..7000 kr sem fór þar í óþarfa.

Frumherji hefur boðist til að gera við slönguna og skipta um perur en síðan höfum við farið með bílinn í úttekt hjá Bilson og þá kemur í ljós að það er ansi mikið að þessum bíl.

Viðgerð á bílnum myndi kosta um allavega 150.000 kr í viðbót. Samkvæmt mati viðgerðarmanns Bilson. En við létum gera við fyrir 20.000 kr bara svo Z gæti farið að nota bílinn. Það var fyrir að skipta um slöngu í Vacumkút.“

Í reikningi sem fylgdi álitsbeiðninni og dags. 19. apríl 2011 kemur fram að ástandsskoðun hafi farið fram og unnið hafi verið við að skipta um slöngu í vacumkút fyrir alls kr. 19.851. Þar kemur fram að við ástandsskoðun hafi fundist eftirfarandi atriði:

„1. LÆSIR EKKI SKOTTOLOKI, LYKILCYLINDER BILAÐUR. 2. RÖR FRÁ HEMLAÐUR Í SPJALDHÚS ÓNÝTT, DREGUR FALSKT LOFT. 3. BILUN Á SPJALDHÚSI, EYÐIST EKKI ÚT. 00282 026 THROOTLE VALVE ADAPTER V-60 OUTPUT OPEN/STATIC. ÞÝÐIR AÐ FÁ ÞARF NÝTT SPJALDHÚS. SKIPTA UM ÞAÐ OG GRUNNSTILLA. 4. ÚTVARP EÐA HÁTALARAR Í HURÐUM EKKI EÐLILEG VIRKNI. 5. VANTAR UPPHITAÐA OLÍUÖNDUN Á VÉL, OLÍUSMIT VIRÐIST HAFNA KOMIÐ UPP MEÐ OLÍUKVARÐA. REYNDAR ER VÉL OLÍUBLAUT Á FLEIRI STÖÐUM. NÝBÚIÐ AÐ SKIPTA UM OLÍUÞRÝSTIROFA. EKKI GOTT AÐ ÁTTA SIG Á LEKA NEMA AÐ ÞVO VÉLINA VEL. LÁTA HANA GANGA EÐA KEYRA BÍLINN EINHVERJA DAGA OG LÁTA LEKANN KOMA FRAM. 6. NÝLEGT ER Í BREMSUM FRAMAN OG AFTAN. 7. BREMSUSLÖNGUR FRAMAN, ÞARF AÐ SKIPTA UM ÞÆR. 8. LOFTNET ER BROTIÐ.“

Meðfylgjandi reikningnum er tölvupóstur með nánari útlistun á nokkrum þeim þáttum sem athugasemd var gerð við í ástandsskoðuninni og kostnaður við viðgerð áætlaður. Þar segir:

„Við ástandsskoðun kom eftirfarandi í ljós:

1. Læsir ekki skottloki, lykilcylinder bilaður, líklega ónýtur. Kostnaður gæti verið 30-40.þúsund krónur.

2. Spjaldhús. Föst bilun inni á því, eyðist ekki út. Fá þarf nýtt spjaldhús, skipta um það og grunnstillta. Nýtt spjaldhús kostar 116,403 er síðasta verð á því í Heklu.
3. Upphituð olíuöndun. Olíusmit virðist hafa komið upp með olíukvarða. Þekkt vandamál. Setja þarf upphitaða olíuöndun í bílinn, kostnaður við það er c.a. 50.þúsund kr.
4. Bremsuslóngur framan. Skipta þarf um þær. Kostnaður c.a. 20.þúsund.“

Þá fylgir enn fremur með gögnum málsins reikningur dags. 28. apríl 2011. Þar kemur fram að skipt hafi verið um bremsuslóngur að framan samtals að fjárhæð kr. 19.683.

Loks segir í álitsbeiðninni:

„Við gerum okkur ekki grein fyrir hvað við getum farið fram á mikið en mér finnst að þessi bíll hefði aldrei átt að fara á meir en 200.000 kr...Helst vildum við fá allan viðgerðakostnað greiddan en það er um 250.000 kr ...ef það er möguleiki..

Einnig finnst mér að ábyrgð sölumanna sé töluverð því þeir túlkuðu athugasemd frumherja um útilega á bremsum að aftan sé að eitthvað sé að handbremsum og kosti „nokkra þúsundkalla“. Ekkert talað um að hún verði að fara strax með hann í viðgerð..hún lagði bílnum samt skömmu eftir að hún keypti hann og fór svo með hann í viðgerð um leið og hún komst að....“

IV

Andsvör seljanda

Í andvörum vísar seljandi til svarbréfs síns til FÍB frá 17. apríl þar sem hann segir að fram komi hans hlið á málinu með upptalningu á annmörkum bílsins. Kveðst seljandi einnig sjá að einhver atriði hafi bæst við. Í umræddu svarbréfi segir m.a.:

„Eg ætla að byrja á að benda á skoðunarskyldu kaupanda. Á afsalinu stendur feitletrað fyrir ofan undirskrift Z. “Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á SKOÐUNARSKYLDU KAUPANDA”. Þetta á auðvita við áður en bílinn er keyptur en ekki eftir að hann er keyptur. Eftir minni bestu vitund var bílinn í ágætis ástandi og fékk ég staðfestingu á því með fullri skoðun hjá Frumherja. Athugasemd var gerð á afturbremsur sem lágu út í og þarfnaðist lagfæringar. Bílinn var notaður í hálfan mánuð án þess að því væri sinnt og þá var afturbremsan orðin járn í járn að mér skilst og þá varð allt vitlaust og farið með bílinn í grandskoðun. Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til að ég geti tekið ábyrgð á 12 ára gömlum Wolksvagen Golf.

Í bréfi þínu telur telur þú upp 8 atriði sem nefndir er Annmarkar á bifreiðinni.

1. Stöðuljós óvirk eða ótengd framan hægri. Hefði átt að sjást í skoðun. Gæti verið þetta þar sem bílinn er 12 ára gamall.
2. Bakkljós óvirk eða ótengd aftan. Hefði átt að sjást í skoðun. Gæti verið þetta þar sem bílinn er 12 ára gamall.
3. Brot eða skemmd á spegli vinstra megin. Kaupandi hefði átt að sjá það við reynsluakstur áður en hann keypti bílinn.
4. CO innihald í útblæstri utan viðmiðunarmarkna framleiðanda. Hefði átt að mælast við skoðun.
5. Smurolía á vél undir lágmarki. Ég mældi olíu og hún var í lagi hjá mér.
6. Smurolíuleki úr hreyfli. Hefði átt að sjást við skoðun. Á 12 ára gömlum bíl er ekki óalgengt að smit sé á vélum en verulegur smurolíuleki var ekki á bílnum þegar ég átti hann því hluta af þeim tíma sem ég átti hann stóð hann inni og varð ég ekki var við smurolíuleka.
7. Höggdeyfir lekur- bendir til ófullnægjandi virkni aftan vinstri. Hefði átt að finnast í skoðun.
8. Hemlaslanga skemmd framan vinstri. Hefði átt að sjást í skoðun.

Hvað veit ég hvað hefur gengið á í akstri hjá þessari ágætu stúlku. Mér dettur fyrst í hug að hún hafi rekið pönnuna undir og gatað hana. Hún keyrði nú í hálfan mánuð án þess að láta líta á bremsurnar að aftan vitandi að þær lægju út í.

Ég ætla bara að láta ykkur vita af því að ég ber ekki ábyrgð á því þegar perur springa. Bílinn var nýskoðaður og taldist í lagi. [...] Ég tók bílinn upp í annan bíl og átti hann í 2 mánuði þannig að ef þær mæðgur fara lengra með þetta sem þær virðast ætla að gera, þá fer málið beint yfir til þess sem ég keypti af. Þau kaup fóru fram á sömu bílasölu. Annars borgaði ég 15,7% af andvirði bílsins í sölulaun þannig að ég leyfi bílasölnni að taka á þessu máli. Ég vil enn og aftur benda á skoðunarskyldu kaupanda og viðkomandi var að kaupa 12 ára gamlan bíl ekinn 165000km á 365.000- Mér finnst alveg ótrúlegt að ætlast til að ég taki ábyrgð á bílnum.“

Í andsvörum sínum vísar seljandi einnig til skoðunarskyldu kaupanda. Þar sé kaupanda bent á þann möguleika að fá óháðan aðila til þess að skoða ástand bílsins en kaupandi hafi ekki nýtt sér það heldur lætur grandskoða bílinn eftir kaup og krafist þá bóta. Þá segir seljandi að það séu einungis umboðin sem geti veitt ábyrgð á nýjum bílum.

Þá segir í andsvörum seljanda:

„Bílinn var skoðaður og með eina athugasemd sem kaupandi var látinn vita af. Ég gekk sjálfur í kring um bílinn og athugaði ljósín áður en hann var skoðaður og þau voru í lagi. Ég reyndar gleymdi að athuga bakkljósín. X er reyndar búinn að fá frumherja til að bæta sér ljósaperurnar og samgledst ég henni með það. Eftir minni bestu vitund var bílinn í ágætu standi og með skoðun og taldi ég hann söluhæfan. Eftir þessa grannskoðun sem bílinn er búinn að fá get ég ekki betur séð en stærsti hluti bíla á Íslandi ættu að fá akstursbann við næstu skoðun. [...]“

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Líkt og framan er rakið keypti dóttir álitsbeiðanda bifreiðina RB-736 þann 17. febrúar 2011 fyrir kr. 356.000. Bifreiðin er árgerð 1999 og fyrsti skráningardagur hennar, skv. gögnum með álitsbeiðni, 30. júlí 1999. Bifreiðin var því tæplega 12 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 165.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi.

Í áðurnevndum kaupsamningi milli aðila segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunevndin álfítur að um kaupin gildi 17. gr. neytendakaupalaga, en þar segir:

17. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um þá galla sem álitsbeiðandi telur vera á bifreiðinni. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga.

Álitsbeiðandi telur það m.a. vera galla á bifreiðinni að stöðuljós séu óvirk, bakkljós séu óvirk, brot eða skemmd sé á spegli vinstra megin, smurolía á vél sé undir lágmarki, skipta hafi þurft um slöngu í vacumkút, höggdeyfir leki, CO innihald í útblæstri sé yfir viðmiðunarmörkum framleiðanda og hreinsa hafi þurft kveikju. Af gögnum málsins kemur ekkert fram um hvort að bifreiðinni hafi verið reynsluekið af dóttur álitsbeiðanda fyrir kaupin en líkt og fram kemur nýtti kaupandi sér ekki þann möguleika að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar fyrir kaup. Þegar litið er til þess að bifreiðin var orðin rúmlega 11 ára þegar dóttir álitsbeiðanda keypti hana er það álit kærunefndarinnar að framangreindir gallar sem álitsbeiðandi segir vera á bifreiðinni séu þess eðlis að það hefði mátt koma auga á þá við eðlilega skoðun eða mátt búast við að væru í bifreið á þeim aldri sem bifreiðin xx-000 var þegar kaupin fóru fram. Að því er þessa galla varðar er það álit kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. sem rakin er hér að framan. Það er því niðurstaða kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi ekki úrbótarétt á hendur seljanda vegna þessara galla. Þá er það álit kærunefndarinnar að það sama gildi um læsingu á skottloki, ófullnægjandi virkni í útvarpi eða hátölurum og brotið loftnet. Er það mat kærunefndarinnar að þetta megi allt hafa verið kaupanda ljóst við einfalda skoðun á bifreiðinni fyrir kaup.

Hvað varðar kostnað við viðgerð á útlegu að aftan er það álit kærunefndarinnar að tilefni hefði verið til þess, í ljósi athugasemdar á skoðunarvottorði, að álitsbeiðandi aflaði sér upplýsinga um kostnað við viðgerð áður en kaup fóru fram. Verður að telja að álitsbeiðanda hafi verið þetta kleift með nokkuð einföldum hætti þar sem skýrt kemur fram á skoðunarvottorði hvað ami að. Þá telur kærunefndin einnig að með því að leita ekki á verkstæði strax hafi dóttir álitsbeiðanda aukið á skemmdir í bremsukerfinu og þannig aukið kostnaðurinn við viðgerð. Geti álitsbeiðandi því ekki borið þetta fyrir sig sem galla, sbr. 3. mgr. 16. gr. nkpl.

Þá telur álitsbeiðandi galla vera á spjaldhúsi. Spjaldhúsið er þar sem inngjafarspjaldið er. Þegar stigið er á inngjöfina í bílnum er verið að hreyfa inngjafarspjaldið til þess að auka snúning vélarinnar þ.e. til þess að auka við aflið frá vélinni. Hér áður fyrr var venjulega barki notaður til að hreyfa inngjafarspjaldið en í nýrri bifreiðum er spjaldið rafdrifið, þ.e. á inngjöfinni inni í bifreiðinni er skynjari sem skynjar stöðu inngjafarinnar og boðin frá inngjöfinni eru svo send til stjórn tölvunnar (Engine Control Module). Stjórn tölvun sendir síðan boð til spjaldhússins sem hreyfist miðað við aðstæður. Er það mat kærunefndarinnar að í ljósi þess að ekki var gerð athugasemd við bilun í spjaldhúsi við skoðun þann 10. mars, heldur fyrst við ástandsskoðun þann 19. apríl verði álykta svo að bilunin hafi ekki verið til staðar þegar kaupin fóru fram. Eigi álitsbeiðandi því ekki úrbótarétt á hendur seljanda vegna þessa galla.

Hvað varðar olíuleka á vél verður því ekki slegið föstu að lekinn hefði sést við einfalda skoðun kaupanda, sérstaklega í ljósi þess að sérfræðingar virðast af málavöxtum að dæma sjálfir eiga erfitt með að ákvarða hvaðan lekinn kemur. Þá hefur ekkert komið fram um að seljandi hafi vitað um umræddan olíuleka þó hann telji það ekki óalgengt að smit sé á vélum í þetta gamalli bifreið. Í ljósi þess að olíusmitið kom fram við skoðun bifreiðarinnar aðeins tæpum þremur vikum eftir kaup telur kærunefnd að á því mega byggja að olía hafi lekið af vél bifreiðarinnar þegar kaupin fóru fram. Hið sama verður að telja að gildi um hemlaslönguna en athugasemd varðandi hana var einnig gerð í sömu ástandsskoðun.

Þótt hér sé um atriði að ræða sem hugsanlega hefðu átt að sjást við skoðun hjá þjónustuaðila fyrir sölu breytir það því ekki að álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar. Seljandi kann aftur á móti að eiga kröfu á hendur þeim sem skoðuðu bifreiðina fyrir sölu. Kærunefndin tekur ekki afstöðu til þess enda sá þjónustuaðili ekki aðili að máli þessu.

Af framangreindu verður að telja að ástand bifreiðarinnar að þessu leyti hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi mátti ætla, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. Verður því að líta svo á að bifreiðin hafi verið haldin galla og eigi því álitsbeiðandi úrbótarétt á hendur seljanda vegna þessa, sbr. ákvæði 26. gr. laganna. Kærunefndin telur að kvartanir álitsbeiðanda hafi komið fram í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna.

Á kröfu álitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla, sbr. 33. gr. Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að þegar bifreiðin var keypt var hún rúmlega 11 ára og hafði verið ekið 165.000 km. eftir því sem fram kemur í kaupsamningi. Bifreiðin var því komin vel til ára sinna.

Niðurstaða kærunefndarinnar er sú að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kr.70.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X kr. 70.000.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir